

ÚGGA BÚGGA

(Ouga Bouga)

fyrir 3-8 leikmenn
frá 7 ára aldri

INNIHALD

52 leikspjöld
2 spjöld með spilareglum

Ættbálkur steinaldarmanna hefur safnast saman til að kjósa sér leiðtoga! Karlar og konur munu berjast til þrautar um þann heiður að fá að leiða hópinn, með helgum víxlsöng sem kallast ÚGGA BÚGGA!

MARKMIÐ SPILSINS

Að vera með fæst spjöld í lok spilsins.

UNDIRBÚNINGUR

Stokkið spjöldin og gefið hverjum leikmanni þrjú á hvolfi. Leikmenn raða þeim upp fyrir framan sig án þess að kíkja á þau.

Setjið afganginn af spjöldunum í bunka og leggið hann á hvolf til hliðar á borðið.

GANGUR SPILSINS

Spilið er spilað í nokkrum umferðum. Sá byrjar sem best kann að herma eftir loðfíl! Sá snýr einu af spjöldunum sínum við, leggur það á miðju borðsins og gefur frá sér hljóðið sem skrifað stendur á spjaldið. Síðan skorar hann á næsta leikmann með því að benda á hann og segja hátt og skýrt: „HA!“

Sá, sem skorað var á, snýr þá við einu af sínum spjöldum, leggur það ofan á spjaldið á miðju borðsins og gefur frá sér hljóðin á báðum spjöldunum (fyrst það sem er á fyrsta spjaldinu og síðan það sem er á spjaldinu ofan á því). Síðan skorar hann á næsta leikmann með því að benda á hann og segja „HA!“.

Athugið: Leikmaður verður alltaf að skora á einhvern annan en þann sem skoraði á hann sjálfan.

Þannig heldur spilið áfram. Hver leikmaður, sem skorað er á, bætir spjaldi í bunkann og endurtekur hljóðin á spjöldunum á undan í réttri röð, endar á sínu spjaldi og skorar svo á næsta leikmann.

AÐGERÐASPJÖLDIN FJÖGUR

Ef einhver flettir við aðgerðaspjaldi á hann ekki að gefa frá sér hljóð heldur gera það sem fram kemur á spjaldinu:

- Slá hnefanum í borðið
- Klappa saman höndunum einu sinni
- Reka út úr sér tunguna
- Endurtaka síðasta hljóð (eða síðustu aðgerð)

Athugið: Ef fyrsta spjald í umferð er aðgerðaspjald á ekki að gera neitt.

MISTÖK: Ef leikmaður ruglast, gleymir hljóði, stamar eða hikar of lengi mega hinir leikmennirnir ásaka hann með því að benda á hann og segja: „HÓ!“. Ætíð þarf að ganga úr skugga um að ásökunin sé réttmæt.

- Ef ásökunin reynist rétt fær sá sem ásakaður var refsingu. Hann verður að taka öll spjöldin sem snúa upp á borðinu og setja þau í sérbunka fyrir framan sig. Hver og einn af þeim sem ásökuðu hann lætur hann líka fá eitt af sínum „refsisþjöldum“, eigi þeir einhver.
- Ef ásökunin er röng verða þeir leikmenn, sem ásökuðu hann, að taka spjöldin sem snúa upp í refsingarskyni. Sá sem var ranglega ásakaður skiptir þeim þá á milli þeirra og gefur réttsælis í kringum borðið. Ef aðeins einn leikmaður ásakaði hann ranglega fær sá öll spjöldin í bunkanum í refsingarskyni.

ÚGGA BÚGGA: Ef leikmanni tekst að setja út þriðja og síðasta spjaldið sitt ofan á bunkann og gefa frá sér hljóðin á öllum spjöldunum, kallar hann „ÚGGA BÚGGA!“ Hann tekur þá öll spjöldin, sem snúa upp á borðinu, og skiptir þeim á milli hinna leikmannanna í refsingarskyni og byrjar á þeim sem er vinstra megin við hann. Hann skiptir líka öllum „refsisþjöldunum“ sínum á milli þeirra.

NÝ UMFERÐ

Eftir hverja truflun (ásökun eða þegar einhver segir „ÚGGA BÚGGA!“) hefst ný umferð á því að gefið er úr stokknum þannig að allir leikmenn hafi 3 spjöld. Sá, sem var ásakaður, eða sá, sem kallaði „ÚGGA BÚGGA!“, byrjar þá að setja út og spilið gengur fyrir sig eins og áður er lýst.

LOK SPILSINS

Spilinu lýkur þegar ekki eru lengur nógu mörg spjöld í stokknum til að gefa þannig að allir hafi þrjú í upphafi umferðar. Hver leikmaður telur þá spjöldin sín sem snúa upp og sá sem er með fæst spjöld er kosinn leiðtogi ættbálksins! Þeim, sem er með flest spjöld, er klappað lof í lófa fyrir þrautseigjuna.

ÚTGÁFA FYRIR YNGRI LEIKMENN

Til að auðvelda spilið er hægt að leyfa leikmönnum að notast við sjónminnið. Þá eru spjöldin lögð niður þannig að þau þeki spjaldið á undan aðeins til hálfis og myndin sjáist en stafirnir ekki.

FRÁ HÖFUNDUM SPILSINS

„Samstaða ættbálksins skiptir öllu máli. Öllum þarf að finnast þeir vera hluti af hópnum. Klappið því fyrir þeim sem tapar og sönglið nafnið hans svo hann yfirgefi ekki ættbálkinn fyrir fullt og allt!!! Óskið honum til hamingju með þrautseigjuna og skorið tafarlaust á hann og gefið honum tækifæri til að ná fram hefndum.“